

Skýrsla

**forsætisráðherra um ráðstöfun lands og landsréttinda
innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi.**

(Lögð fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012-2013.)

Skýrsla þessi, um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi, er lögð fyrir Alþingi í samræmi við ákvæði 5. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, þar sem segir að forsætisráðherra skuli árlega gefa Alþingi skýrslu um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi, sbr. 1. gr. forsetaúrskurðar nr. 100/2012 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

I. Almennt um þjóðlendum

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (hér eftir nefnd lögin). Með lögnum var sett á fót sjálfstæð stjórnarsýslunefnd, óbyggðanefnd, sem ætlað er að kanna og skera úr um hvaða landsvæði teljast til þjóðlendna og hver eru mörk þeirra og eignarlanda. Hlutverk óbyggðanefndar er að úrskurða í þjóðlendumálum og þeim úrskurðum er hægt að skjóta til dómstóla. Í þeim tilvikum að máli lyktar með úrskurði eða dómi um þjóðlendu kemur til kasta forsætisráðuneytis. Ráðuneytið skal þá fara með þau verkefni sem annars kæmi í hlut landeiganda að fjalla um og jafnframt sinna tilteknum stjórnarsýsluskyldum. Loks er sveitarstjórnnum ætlað að fara með skammtímaráðstöfun afnota innan þjóðlendna. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi til þjóðlendlaga er tilgangur þessa fyrirkomulags að undirstrika sérstöðu þessara réttinda og að þar sé ekki um að ræða hefðbundnar eignir ríkisins.

Í lögnum er fjallað um hvernig með þjóðlendum skuli fara, þ.m.t. leyfisveitingar vegna nýtingar lands og landsréttinda innan þeirra og meðferð þess fjár sem fellur til tengt þeirri nýtingu.

Í 1. mgr. 3. gr. kemur fram sú meginregla að enginn megi hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig. Til slíkra afnota telst meðal annars að reisa mannvirki, hvers konar jarðrask sem og nýting hlunninda, vatns- og jarðhitaréttinda. Öll slík afnot eru leyfisskyld eins og nánar er mælt fyrir um í lögnum. Þetta er þó með þeirri undantekningu að þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not, sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti, sbr. 5. gr. laganna. Leyfisveitingarhlutverkinu í þjóðlendum er skipt á milli ráðherra annars vegar og sveitarstjórna hins vegar, sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr. laganna.

Nýting vatns- og jarðhitaréttinda, náma og önnur jarðefnanýting innan þjóðlendna er háð leyfi ráðherra ásamt nauðsynlegum afnotum af landi til hagnýtingar þessara réttinda. Skv. 4. mgr. er ráðherra jafnframt heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir nýtingu ofangreindra réttinda. Enn sem komið er hefur lítið kveðið að slíkum ákvörðunum.

Að öðru leyti þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu. Hér fellur undir öll önnur nýting en ráðherra er falið að veita leyfi fyrir. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs gera lögin þó ráð fyrir að samþykki forsætisráðherra þurfi einnig fyrir nýtingunni, sbr. 2. ml. 3. mgr. 3. gr. laganna. Sveitarstjórn er með sama hætti og ráðherra heimilt, að fengnu samþykki forsætisráðherra, að semja um endurgjald vegna afnota sem hún heimilar. Ekki var á síðasta ári leitað til forsætisráðuneytisins með að samþykkja slíka gjaldtöku sveitarstjórnar.

Skv. 4. mgr. 3. gr. skal tekjum af leyfum til nýtingar lands, sem ráðherra heimilar, varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og annarra sambærilegra verkefna innan þjóðlendna, eftir nánari ákvörðun ráðherra. Ekki er gert að skilyrði að tekjur renni til verkefna sem sérstaklega tengjast þeirri þjóðlendu þar sem teknanna var aflað. Er þannig gert ráð fyrir að ákvörðun ráðherra geti markast af áherslum í uppbyggingu í þjóðlendum hverju sinni. Tekjum af leyfum, sem sveitarstjórnir veita, skal varið til hliðstæðra verkefna og að framan greinir, en það skilyrði er sett að tekjurnar skuli renna til verkefna innan þeirrar sömu þjóðlendu og teknanna var aflað frá.

Í 3. gr. laganna segir einnig að sveitarstjórnir skuli árlega gera forsætisráðherra grein fyrir ráðstöfun fjár sem þau innheimta vegna afnota sem þeim er falið að veita heimild fyrir. Engar slíkar tilkynningar hafa borist frá sveitarfélögum þar sem þjóðlendur eru að finna innan stjórnsýslumarka þeirra. Ekki eru forsendur til að álykta sem svo að sveitarfélög hafi ekki haft neinar tekjur af nýtingu þjóðlendna sem falla innan staðarmarka þeirra. Óskaði forsætisráðuneytið í ljósi þessa eftir upplýsingum frá sveitarfélögum á síðasta ári um þessi mál til að fá yfirsýn yfir leyfi, tekjur og gjöld sveitarfélaga innan þjóðlendna. Fá svör bárust ráðuneytinu og ljóst er að huga þarf að því á þessu ári að ítreka ósk ráðuneytisins.

Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna sem í eiga sæti fulltrúi forsætisráðherra, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, fulltrúar þeirra ráðherra er fara með skipulagsmál,

sveitarstjórnarmál, málefni iðnaðar og málefni landbúnaðar og tveir fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Alls hélt samstarfsnefndin átta fundi á árinu 2012.

Samkvæmt upplýsingum frá óbyggðanefnd hefur þegar verið úrskurðað um þjóðlendur og mörk þeirra á svokölluðum svæðum 1 til 7b, sjá yfirlitskort óbyggðanefndar yfir stöðu þjóðlendumála í viðauka:

- Svæði 1: Uppsveitir Árnassýslu. Úrskurðir kveðnir upp í málum nr. 1-7/2000 þann 21. mars 2002.
- Svæði 2: Sveitarfélagið Hornafjörður. Úrskurðir kveðnir upp í málum nr. 1-5/2001 þann 14. nóvember 2003.
- Svæði 3: Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla. Úrskurðir kveðnir upp í málum nr. 1-9/2003 þann 10. desember 2004.
- Svæði 4: Suðvesturland. Úrskurðir kveðnir upp í málum nr. 1-6/2004 þann 31. maí 2004.
- Svæði 5: Norðausturland. Úrskurðir kveðnir upp í málum nr. 1-5/2005 þann 29. maí 2007.
- Svæði 6: Austanvert Norðurland. Úrskurðir kveðnir upp í málum nr. 1-5/2007 þann 6. júní 2008.
- Svæði 7 suður: Vestanvert Norðurland, syðri hluti. Úrskurðir kveðnir upp í málum nr. 1-5/2008 þann 19. júní 2009.
- Svæði 7 norður: Vestanvert Norðurland, nyrðri hluti. Úrskurðir kveðnir upp í málum nr. 1-2/2009 þann 10. október 2011.

Samkvæmt upplýsingum frá óbyggðanefnd hefur nefndin nú lokið umfjöllun um nálægt 70% af landinu öllu, þar af 86% af miðhálandinu, eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi miðhálandisins. Er niðurstaðan sú að 47% lands (að flatarmáli), sem búið er að úrskurða um, telst til þjóðlendna en 53% eru eignarlönd, að teknu tilliti til dóma Hæstaréttar. Af þeim hluta miðhálandisins, sem búið er að úrskurða um, eru 89% þjóðlendur en 11% eignarlönd.

Fram kemur hjá óbyggðanefnd að svokölluð svæði 8a og 8b séu nú til meðferðar hjá nefndinni. Svæði 8a nær yfir Húnavatnssýslu vestan Blöndu ásamt Skaga. Fjármálaráðherra lýsti kröfum ríkisins um þjóðlendur á því svæði 2. júlí 2012 og frestur annarra hagsmunaaðila

til að lýsa þar kröfum var til 7. febrúar 2013. Reiknað er með að úrskurður verði kveðinn upp í málinu seint á þessu ári. Þá hefur fjármála- og efnahagsráðherra verið veittur frestur til 31. maí 2013 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæði 8b, sem tekur til Mýra- og Borgarfjarðarsýslna. Eftir er að taka til meðferðar svokölluð svæði 9 til 11 en til þeirra teljast Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Bæjar- og Broddaneshreppur (svæði 9), Vestfirðir (svæði 10) og Austfirðir (svæði 11).

II. Ráðstöfun lands og landsréttinda

Eitt meginhlutverk forsætisráðuneytisins skv. lögnum er meðferð og nýting þess lands og landsréttinda sem falla innan þjóðlendna. Felst það einkum í ráðstöfun lands og landsréttinda með leyfisveitingu og samningum um endurgjald fyrir þá nýtingu.

Ráðstöfun lands og landsréttinda hefur ekki verið í miklum mæli á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku laganna. Kemur þar margt til. Varfærni í ráðstöfun lands og landsréttinda er til þess fallin að tryggja að ekki sé raskað að óþörfu og af vangá því landi og landsréttindum sem nú falla undir þjóðlendur. Á síðasta ári lauk auðlindastefnunefnd störfum. Markmið nefndarinnar var að draga saman raunhæfar tillögur um stefnu í auðlindamálum sem ríkisstjórn og Alþingi gætu tekið afstöðu til og hrint í framkvæmd. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að ljúka þurfi þeirri vegferð sem hófst með setningu laganna. Skilgreina þurfi eigendastefnu ríkisins í þjóðlendumálum, gera tillögur um vernd og nýtingu þjóðlendna og rannsaka gæði þeirra. Marka þurfi stefnu um nýtingu auðlinda innan þjóðlendna. Stefnumörkun varðandi námur og nýtingu lands þurfi einnig að fara fram. Að mati auðlindastefnunefndar ætti ríkið að marka sér eigendastefnu gagnvart ríkisjörðum og setja sér það markmið að þjóðlendur verði aðgengileg sameign þjóðarinnar, nýttar og varðveittar í þágu núlifandi og komandi kynslóða ásamt því að tryggja að auðlindir og verðmæt gæði þjóðlendna séu nýtt á forsendum sjálfbærrar þróunar. Meðal tillagna nefndarinnar er að leyfum til nýtingar takmarkaðra gæða í atvinnuskyni í þjóðlendum og á ríkisjörðum verði úthlutað í samræmi við auðlindastefnu ríkisins. Einnig er lagt til að mótuð verði formleg eigendastefna ríkisins gagnvart ríkisjörðum.

Í töflu 1 má finna flokkun erinda sem komu til afgreiðslu ráðuneytisins á síðasta ári. Þar kemur fram sú áhersla sem verið hefur á stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá á síðasta ári

Þá eru umsagnir um skipulagstillögur sveitarfélaga einnig fyrirferðarmiklar í starfi ráðuneytisins ásamt málum sem lúta að umsögnum um umsóknir fyrirtækja um rannsóknarleyfi vegna fyrirhugaðrar nýtingar á auðlindum í jörðu. Þá vekur athygli hversu fá mál lúta að samþykki fyrir framkvæmdum og afmörkun lóða undir skála innan þjóðlendna. Má búast við að slíkum málum fjölgi verulega samfara stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá. Sama gildir um önnur mál sem slíkum framkvæmdum hljóta að fylgja.

Tafla 1. Flokkun erinda á árinu 2012

| Tegund erinda: | Fjöldi erinda: |
|--|----------------|
| Umsagnir um umsóknir um rannsóknarleyfi | 6 |
| Óskir um afmörkun lóða undir skála | 2 |
| Samþykki fyrir framkvæmdum | 3 |
| Umsagnir um skipulagstillögur | 9 |
| Ýmislegt tengt nýtingu auðlinda | 8 |
| Aðgangur að upplýsingum um þjóðlendulínur | 3 |
| Annað tengt framkvæmdum | 1 |
| Umsóknir um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá | 58 |
| Önnur málefni tengd þjóðlendum | 26 |
| Almennar fyrirspurnir varðandi þjóðlendir | 2 |
| Samtals afgreidd erindi á árinu 2012 | 118 |

III. Tekjur fyrir réttindi innan þjóðlendna

Á síðasta ári vann ráðuneytið í samráði við Fjársýslu ríkisins að því að móta farveg fyrir það fé sem innheimt verður fyrir nýtingu lands og landsréttinda og er sá farvegur nú til staðar. Hefur einnig verið haft samráð við Ríkisendurskoðun við þá vinnu. Er mikilvægt að vel sé frá slíku gengið enda mæla löggin fyrir um að tekjum af leyfum til nýtingar lands skuli varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna eftir nánari ákvörðun ráðherra, sbr. 4. mgr. 3. gr. laganna, að fengnum tillögum samstarfsnefndar um málefni þjóðlendna.

Mikilvægt er að hafa samráð við sveitarfélögin þegar til gjaldtöku vegna nýtingar lands og landsréttinda kemur, enda er þeim ætlað að innheimta gjald fyrir þá nýtingu sem þeim er að lögum falið að veita leyfi fyrir. Hefur ráðuneytið óskað eftir því við sveitarfélög sem hafa þjóðlendir innan síns umdæmis, að haft verði samstarf við ráðuneytið um efni

samninga um endurgjald fyrir nýtingu landsréttinda innan þjóðlendna. Ekki liggur fyrir hvernig staðið verður að slíku samstarfi.

Í árslok 2012 fór fram uppgjör milli Landsvirkjunar og forsætisráðuneytisins vegna vatnsréttinda í þjóðlendum sem nýtt eru vegna Kárahnúkavirkjunar. Leyfi hafði verið gefið til nýtingarinnar 30. júlí 2002, með fyrirvara um að síðar yrði samið um fjárhæð endurgjalds. Var beðið eftir dómi Hæstaréttar um verðmæti vatnsréttinda í eignarlöndum, sem nýtt eru vegna Kárahnúkavirkjunar, en sá dómur féll haustið 2012. Ákveðið var að hafa þann dóm til hliðsjónar þótt ljóst sé að í leyfi ráðuneytisins og uppgjörinu felist ekki varanlegt framsal réttinda. Samtals greiddi Landsvirkjun ríkinu kr. 966.619.808 fyrir réttindin og eru vextir og verðbætur inni í þeirri fjárhæð. Þess ber þó að geta að hluti þeirrar fjárhæðar, innan við 50 milljónir kr., eru til komnir vegna jarðarinnar Brattagerðis sem er ríkisjörð.

IV. Umsóknir um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá

Þjóðlendum teljast fasteignir í skilningi laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna og er því nauðsynlegt að stofna þær í fasteignaskrá. Slík skráning er einnig forsenda þess að hægt sé að skilgreina og veita lóðarréttindi í þjóðlendum. Samkvæmt sömu lögum kemur fram að umsóknir um stofnun fasteigna skuli leggja fram í viðkomandi sveitarfélagi. Það er því verkefni sveitarfélaga að stofna þjóðlendum í fasteignaskrá.

Ferill þessara mála er sá að forsætisráðuneytið fyrir hönd íslenska ríkisins sendir umsókn um stofnun þjóðlendu til viðkomandi sveitarfélags. Með hverri umsókn fylgir útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar (úrskurðarorð) fyrir það svæði sem viðkomandi þjóðlenda tilheyrir. Hafi úrskurði óbyggðanefndar verið skotið til dómstóla, fylgir sá dómur með, hvort sem það er héraðsdómur eða hæstaréttardómur. Ásamt útdrætti úr úrskurði óbyggðanefndar og dómum ef við á, fylgir svonefnt landspildublað með hverri umsókn (sjá viðauka). Landspildublaðið sýnir afmörkun þeirrar þjóðlendu sem stofnuð skal samkvæmt umsókninni. Tekið skal fram að úrskurðarorð óbyggðanefndar eða dómsorð dómstóla eru ávallt réttthæri en afmörkun og hnit sem koma fram á landspildublaðinu. Umsókn um stofnun þjóðlendu ásamt viðeigandi fylgiskjölum eru síðan send til viðkomandi sveitarfélaga.

Fyrir árið 2012 höfðu aðeins fjórar þjóðlendar verið stofnaðar í fasteignaskrá. Um er að ræða þjóðlendarnar, Rangárvallarafrétt, Álftaversafrétt, Síðumannafrétt og Skaftártunguafrétt, allar í Skaftárhreppi.

Á liðnu ári hafa 58 umsóknir um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá, verið sendar sveitarfélögum á svæðum 1 til 5. Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir þær umsóknir sem sendar hafa verið sveitarfélögum.

Tafla 2. Útsendar umsóknir árið 2012 eftir svæðum

| Svæði til meðferðar | Fjöldi útsendra umsókna | Skráðar og stofnaðar þjóðlendar |
|---------------------|-------------------------|---------------------------------|
| Svæði 1 | 14 | 0 |
| Svæði 2 | 8 | 0 |
| Svæði 3 | 13 | 1 |
| Svæði 4 | 6 | 2 |
| Svæði 5 | 17 | 1 |

Á svæði 1 hefur verið lokið við að senda út allar umsóknir til sveitarfélaga, alls 14 talsins. Á svæði 2 hafa verið sendar út 8 umsóknir. Á svæði 3 hafa verið sendar 13 umsóknir til sveitarfélaga og ein þjóðlenda nú þegar verið stofnuð í Mýrdalshreppi. Á svæði 4 líkt og á svæði 1 hefur verið lokið við að senda út allar umsóknir um stofnun þjóðlendna. Þar voru sendar út sex umsóknir samtals. Á þessu sama svæði hefur Sveitarfélagið Ölfus stofnað og skráð tvær þjóðlendar, Landsvæði á Hellisheiði, sunnan Ölfusafréttar og Ölfusafréttur og Selvogafréttur. Á svæði 5 hafa verið sendar 17 umsóknir til viðeigandi sveitarfélaga. Þar hefur Fljótsdalshérað samþykkt að stofna hluta þjóðlendunnar Nyrðri hluti afréttarlandanna Rana og Undir Fellum, sem er innan marka sveitarfélagsins.

Á korti með yfirliti yfir fjölda umsókna um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá, sem finna má í viðauka, má sjá fjölda útsendra umsókna á hverju svæði fyrir sig og hversu margar umsóknir á eftir að senda út vegna viðkomandi svæðis.

V. Umsókn um stofnun nýrra lóða í fasteignaskrá

Eftir að sveitarfélagið hefur stofnað þjóðlendu í fasteignaskrá er hægt að stofna lóðir innan þjóðlendunnar. Í framhaldi af því er unnt að þinglýsa fasteignaréttindum og gera

lóðarleigusamninga. Sveitarfélagið ber ábyrgð á gerð slíkra samninga þar sem tekjur vegna annarrar nýtingar en nýtingar vatns- og jarðhitaréttinda, náma og annarra jarðefna, renna til sveitarfélagsins sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna.

Á árinu 2012 hefur forsætisráðuneytið komið að stofnun einnar lóðar í fasteignaskrá. Þar var um að ræða lóð innan þjóðlendunnar Síðumannaafreittur í samstarfi við Skaftárhepp og Vatnajökulsþjóðgarð. Von er á stofnun fleiri nýrra lóða á þessu ári í kjölfar stofnunar fleiri þjóðlendna í fasteignaskrá.

VI. Annað

Vorið 2012 fundaði lögfræðingur ráðuneytisins með sveitarstjórum víðs vegar um landið um málefni þjóðlendna. Fyrirhuguð er sambærileg ferð nú í ár. Margar góðar ábendingar komu fram á fundunum sem voru alls níu talsins. Má þar nefna hvaða réttindi fylgi upprekstrarrétti afréttareigenda, hvernig ber að standa að fasteignamati á þjóðlendum, þátttöku ríkisins í kostnaði við haustfjárleitir, hvað felist í *öðrum hefðbundnum notum* skv. 1. mgr. 5. gr. laganna og hvernig standa beri að samráði ríkis og sveitarfélaga um nýtingu landsréttinda innan þjóðlendna. Hyggst forsætisráðuneytið nýta það sem fram kom á fundunum við gerð reglugerðar sem byggir á lögnum og ætlunin er að klára til útgáfu á þessu ári.

Skýrsla þessi er önnur í röðinni, á jafn mörgum árum. Starfið á síðastliðnu ári hefur einkum beinst að því að útbúa og senda umsóknir til sveitarfélaga um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá. Þá hefur verið skerpt á leyfisveitingarhlutverki sveitarfélaganna, sem er víðtækt samkvæmt lögnum. Auk þess runnu fyrstu tekjur vegna nýtingar landsréttinda í þjóðlendum til ríkisins á árinu. Mun ráðuneytið huga að ráðstöfun þessara fjármuna síðar á þessu ári.

VIÐAUKI


Kort til upplýsingar frá óbyggðanefnd:

- a) Yfirlitskort yfir þjóðlendur á svæðum 1 til 7, samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar og dómum Hæstaréttar
- b) Yfirlitskort um stöðu þjóðlendumála á öllu landinu

Kort til upplýsingar frá forsætisráðuneytinu:

- c) Dæmi um landspildublað (Hluti Mýrdalsjökuls, mál 6/2003)
- d) Yfirlit yfir fjölda umsókna um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá

YFIRLITSKORT YFIR ÞJÓÐLENDUR Á SVÆÐUM 1-7 SAMKVÆMT ÚRSKURÐUM ÓBYGGDANEFNDAR OG DÓMUM HÆSTARÉTTAR



Mörk afrita innar þjóðlendu
Ómörk óbrennagnaréttindi í þjóðlendu
Dómur Hæstaréttar
Svartafélagamörk


Þjóðlendu
Þjóðlenda og afstítur
Þjóðlenda í afstítareign
Aðrar þjóðlendu (þó land utan jóka)



Mb. 1:750 000 | A1 | Vexur: 30x54 | Daga: 28. jan. 2013
LANDLÖGUMÁLIÐ TÍN FÉLAG, AUSTURDÖRUGAT 6, 101 REYKJAVÍK | 4152 4330 | FAX: 4152 1042 | vefning@landform.is

LANDFORM ehf


YFIRLITSKORT UM STÖÐU ÞJÓÐLENDUMÁLA Á LANDINU ÖLLU



- Málsmeðferð hafin
- Málsmeðferð óbygðanefndar lokið og urskurðir kveðnir upp
- Málsmeðferð ekki hafin

ÓBYGGÐANEFND
 ÞJÓÐLENDUMÁL
Stjórnun Bænda og Landnámsráðs 100200033

LANDSPILDUBLAÐ - HLUTI MÝRDALSJÖKULS, MÁL 6/2003 - MÝRDALSHREPPUR



Hnitaskrá:

| Hnit (Easting) | Hnit (Northing) |
|----------------|-----------------|
| mE-1 | 483022 |
| mE-2 | 519577 |
| mE-3 | 501293 |
| mE-4 | 482703 |

Skýringar

- Hnitstaur og númer íspánnit
- Árnúrn landspíðu
- Fjallamál landspíðu
- Mörk sveitarfélags
- Jökull
- SÍMÓVAÐN, a
- 20m-Hæðarlínur

Kortagerður hefur verið byggð á samningnum milli Landmælinga Íslands (málfrétt) og Sveitarfélagsins Mýrdalshrepps. Hnitstaurinn er byggður á samningnum milli Landmælinga Íslands og Sveitarfélagsins Mýrdalshrepps. Hnitstaurinn er byggður á samningnum milli Landmælinga Íslands og Sveitarfélagsins Mýrdalshrepps.

Höfundur: ISN83

Grunnort birt með keyr Landmælinga Íslands nr. 1/2012/013.



FYLGIKORT MED UMSÖKN UM STOFNUN ÞVÖBLENDU:

Landsnúmer 1003r. _____

Land innan eftirlitandi markta, þ.e. sviði innan jafna Myrdalsjökuls sem til meðferðar er í máli þessu, er þvöblendur. Árnúrn sveiðsins er sveiðisíkið, sér. útskuru öryggisáhræði nr. 6/2003 og eining meðfylgjandi kort.

Fra úppöllum Fláakvæjar (Jökulsáir á Sólheimasandi) (mE-1) við suðaustanverðan Myrdalsjökul, flýgur línan jafni Myrdalsjökuls í austurátt þar til kemur að línu (mE-2) sem ógnin er úr Kötuvölli (1310 m), áttavöðla í Hólabakkavöllum, í stefnu á Bláukvíslarbotna, austan Hálafreyjar. Línan flýgur svo þrátt stefnulu í Kötuvölli (1310 m) (mE-3). Þaðan flýgur línan svo í suðaustanverðum Myrdalsjökul og Húsdaga (1310 m) / suðaustanverðum jökulum, víð línu sem ógnin er úr úppöllum Fláakvæjar (Jökulsáir á Sólheimasandi) til norðausturs línu á jökulinum, í stefnu á Mællitil, við norðaustanverðan Myrdalsjökul. Úr harnagrenndum skurðpunktur flýgur línan svo áður meðhöf stefnulu úr úppöllum Fláakvæjar í Meitleri til suðausturs þar til kemur að jökulgröfnum (mE-1). Þaðan flýgur línan svo í suðaustanverðum Myrdalsjökul og Húsdaga (1310 m) og hann nær við glacið þvöblendislagi 1. júlí 1998, svr. 22. gr. Ad því leyti sem flýgur er þvöblendur er málfrétt við söðu jökuls eins og hann nær við glacið þvöblendislagi 1. júlí 1998, svr. 22. gr. Þvöblendur, með þeim fýrnara sem hann kemur í kafa 6.15. Sjá hnitaskrá í viðauka sem ákveðast skal sem hluti af útskuru þessum í máli nr. 6/2003 þjá öryggisáhræði.

Ad því leyti sem flýgur er jökulgröf er málfrétt við söðu jökuls eins og hann nær við glacið þvöblendislagi 1. júlí 1998.

Landsvæði þetta er þvöblendur og um sík landsvæði fer einn ákveðnum laga um þvöblendur og ákveðnum markta eignananda, þvöblendur og áfetta, nr. 58/1998, með síðari breytingum.

Landágreiðni: Íslenka málfrétt, ákv. 2. gr. laga nr. 58/1998.
Fýrnarvæðing: Forskiptisáhræði, ákv. 3. v.ú.ú. D-l.ú.ú. 1. gr. Forskiptisáhræði nr. 100/2012, um skýringu stjórnmálaheita milli rannsóknar og lögreglu Íslands.
Hnitstaur: 48265-5429

| MÁL- / MÁLSTAFIR | KORTI BREYTT: | DAÐIR / KORTI: | KORTI NÚR: |
|------------------|---------------|----------------|------------|
| 1.250.000 / A3 | | 26.12.2012 | SVJ-JMY6 |

SAMMYKTI Í SVETAFAR, JOHN HANN

TERNNAFNI: **SAKMYKTI AF:**
 CH
 MÉRKA NÚR: **208-4277**
 HITTISNÚM: **803-87508** sími 481000 sími 481000
 Sími: **481000** Sími: **481000**

YFIRLIT YFIR FJÖLDA UMSÓKNA UM STOFNUN ÞJÓÐLENDNA Í FASTEIGNASKRÁ

